



SÍÐAREGLUR FYRIR KJÖRNA FULLTRÚA AKRANESKAUPSTAÐAR

1. gr.

Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Akraneskaupstaðar og að upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til fulltrúanna. Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru eða valdir til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Starfsskyldur og ábyrgð

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Akraneskaupstaðar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja með réttu grunsemdir um að annað en lögmæt málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Akraneskaupstaðar.

Kjörnir fulltrúar upplýsa íbúa Akraneskaupstaðar, eins og kostur er, um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á verkum sínum.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af drengskap og háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist starfi þeirra og forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim til vanvirðu eða álitshnekkis.

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Akraneskaupstaðar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi trúnaðarkrafan á lögmætum og málefnalegum rökum.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Akraneskaupstaðar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Akraneskaupstaðar virðingu.



Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Akraneskaupstaðar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til persónulegs ávinnings, né heldur aðila sem er venslaður honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

4. gr.

Misbeiting valds

Kjörnum fulltrúum ber ávallt að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Kjörnir fulltrúar mega aldrei beita réttindum eða aðstöðu sem fylgja hlutverki þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið óbeinna eða beinna persónulegra hagsbóta af því. Þá skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki upplýsingar sem þeir hafa aðgang að í krafti stöðu sinnar sem kjörnir fulltrúar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum að gera það.

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá þeim sem þeir hafa samskipti við vegna starfa sinna í þágu Akraneskaupstaðar.

5. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem eru til umfjöllunar hjá bæjarstjórn, bæjarráði, stjórnnum, nefndum eða ráðum sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður, atkvæðagreiðslur eða embættisfærslur fara fram ef vafi getur leikið á um hæfi hans og skal hann ekki taka þátt í umræðum eða atkvæðagreiðslum í málum ef hann er vanhæfur til þess. Um mat á hæfi fer eftir hæfisreglum sveitarstjórnarlaga og stjórnarsýslulaga.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þar með talið eftir að störfum fyrir Akraneskaupstað lýkur

Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það.

6. gr.

Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

7. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að gæta þess að við stöðuveitingar hjá Akraneskaupstað sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum og gæta þess, hverju sinni þegar þeir koma að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið

**8. gr.****Bann við að tryggja sér stöður**

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum ekki leita eftir starflegum ávinningi í framtíðinni, beint eða óbeint, til dæmis með því að ívilna fyrirtæki eða stofnun sem þeir hafa eftirlit með eða hafa stofnað til samningssambands við fyrir hönd sveitarfélagsins.

9. gr.**Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings**

Kjörnum bæjarfulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Þær skulu ávallt vera aðgengilegar almenningi, fjölmiðlum og starfsfólki sveitarfélagsins til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 12. júlí 2018.


BÆJARSTJÓRINN
AKRANESI
Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

1984

Handwritten text, likely a header or introductory paragraph, appearing as faint bleed-through from the reverse side of the page.

Second block of handwritten text, continuing the document's content from the reverse side.

Third block of handwritten text, positioned above the central stamp.



Fourth block of handwritten text, located directly below the stamp.

Final block of handwritten text at the bottom of the page, possibly a signature or concluding remarks.